

Ed.

341. Frumvarp til laga

[173. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Aftan við 15. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:
Nú dvelja hjón, eða annað þeirra, á elliheimili eða hliðstæðri stofnun, og skulu þau þá hvort um sig fá fullan einstaklingslífeyri.

2. gr.

Fyrir orðin „eða séð honum fyrir vist á elliheimili“ í 1. málsl. 17. gr. laganna kemur nýr málsl., svo hljóðandi: Ef ellilífeyrisþegi dvelur á elliheimili eða hjúkrunarheimili, skal Tryggingastofnunin hækka lífeyri hans, samkvæmt umsókn, um allt að 40%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ákvæði þessa frv. ná eingöngu til ellilífeyrisþega, sem dvelja á elliheimili eða hliðstæðri stofnun. Samkvæmt lögum nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar, fá hjón hvort um sig talsvert minni ellilífeyri en einstaklingar. Er þetta rökstutt með því, að hjón, sem búa saman, geti komið af með minni tekjur hlutfallslega en einstaklingar, sem búa hver í sínu lagi. Hvað sem um þennan rökstuðning má segja yfirleitt, þá á þetta aldrei við, ef hjón, annað hvort eða bæði, dvelja á elli- eða hjúkrunarheimili, því að þar verða þau að greiða fullt gjald sem einstaklingar væru. Nær því ellilífeyrir hjóna skemmra til greiðslu vistgjalds heldur en hinna, sem fá einstaklingslífeyri. Hér er lagt til, að hjón fái hvort um sig fullan einstaklingslífeyri, ef þau dvelja á elli- eða hjúkrunarheimili.

Tryggingastofnunin getur samkvæmt núgildandi lögum hækkað ellilífeyri til ellilífeyrisþega, er þarfnast sérstakrar umönnunnar sökum sjúkleika eða ellilasleika, eða þá að stofnunin getur séð honum fyrir vist á elliheimili. Tryggingastofnunin mun sjaldan eða aldrei hafa séð ellilífeyrisþegum fyrir vist á elliheimili, en hins vegar iðulega notað heimildina um hækkun. Sumu gömlu fólki finnst erfitt að biðja um það, sem það er ekki öruggt um að eiga heimtingu á, og er því lagt til, að í stað núgildandi ákvæða komi skylda til þess að hækka ellilífeyrinn um allt að 40%, ef um það er sótt fyrir ellilífeyrisþega, er dvelja á elli- eða hjúkrunarheimili. Virðist sú skylda eðlileg, þegar litið er á það ákvæði, sem nú er í gildi um það, að Tryggingastofnunin sjái ellilífeyrisþegum fyrir vist á elliheimili.